

Miðvikudaginn 29. apríl 1970.

Nr. 7/1970.

Ákærvaldið

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Gunnari Andræssyni

(Kristinn Gunnarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómurur Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Í Hæstarétti hefur verið lagt fram bréf Rannsóknarstofu prófessor Jóns Steffensens, dags. 3. febrúar 1970, þar sem m. a. segir svo:

„Samkvæmt bókun í rannsóknabók Rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensens var gerð rannsókn á blóðsýni merktu Árn. 108 hinn 4. maí 1965. Blóðrannsóknin var gerð á venjulegan hátt, gerð tvöföld mæling á sama blóðsýni, og kom nákvæmlega sama niðurstaða úr báðum, þ. e. reducerandi efni samsvara 2.09% af alkoholi“.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og laun skipaðs verjanda síns, kr. 10.000.00.

Ber að víta hinn óhæfilega drátt, sem orðið hefur á rekstri máls þessa í héraði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gunnar Andræsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Kristins Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 1. apríl 1969.

Ár 1969, þriðjudaginn 1. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ólafi Þorlákssyni saka-dómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 214/1969: Ákærvaldið gegn Gunnari Andréssyni, sem tekið var til dóms 18. marz s.l.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 1. september 1966, höfðað á hendur Gunnari Andréssyni bifreiðarstjóra, Akurgerði 40, Reykjavík, fæddum 9. janúar 1939 í Hafnarfirði, fyrir að aka sunnudagskvöldið 25. apríl 1965 undir áhrifum áfengis bifreið-inni G 3098 frá Þykkvabæ til Hellu í Rangárvallasýslu.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengis-laga nr. 58/1954.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir.

Sunnudaginn 25. apríl 1965, kl. 1945, var lögreglunni á Selfossi tilkynnt, að bifreiðin G 3098 væri nýlögð af stað frá Þykkvabæ í Rangárvallasýslu áleiðis til Reykjavíkur og væri ökumaðurinn mikið ölvaður. Héldu tveir lögreglumenn, þeir Tómas Jónsson varðstjóri og Reynir Þorkelsson, frá Selfossi á móti bifreið þess-ari. Komust þeir að Hellu í Rangárvallasýslu, en þar sáu þeir bif-reið þessa fyrir utan veitingahús þar á staðnum. Í aftursæti bif-reiðarinnar sat aldraður maður, og skýrði hann lögreglumön-nunum frá því, að ökumaðurinn, Gunnar að nafni, og tveir menn aðrir væru staddir inni í veitingahúsinu.

Menn þessir allir voru að mati lögreglu undir áhrifum áfengis. Eftir nokkurt þóf viðurkenndi einn þeirra, ákærði Gunnar Andrésson, að hann væri ökumaðurinn, og viðurkenndi jafn-framt að sögn lögreglu, að hann hefði ekið bifreiðinni úr Þykkva-bæ undir áhrifum áfengis. Var ákærði fluttur til læknis á Hellu, er tók honum blóðsýnishorn til alkóhólrannsóknar. Fram komu í blóðsýnishorninu reducerandi efni, er samsvara 2.09‰ af alkó-hóli.

Í yfirheyrslu fyrir sakadómi Reykjavíkur hinn 13. júlí 1966 neitaði ákærði að hafa verið undir áhrifum áfengis við akstur-inn, en hann hafi verið svolítið „þunnur“. Hefði hann setið að drykkju kvöldið áður og fram á nótt, en farið að sofa kl. 3—4

og sofið fram að hádegi. Fullyrti ákærði, að hann hefði ekkert áfengi drukkið, frá því að hann vaknaði um hádegið og þar til lögreglan hafi handtekið hann.

Lögreglumenn þeir, sem handtóku ákærða, hafa komið fyrir dóm sem vitni.

Vitnið Reynir Þorkelsson lögreglumaður hefur skýrt svo frá, að ákærði hafi sýnilega verið töluvert undir áfengisáhrifum og hafi það sézt greinilega, er hann gekk eftir götunni, því að hann hafi verið óstyrkur í spori.

Vitnið Tómas Jónsson varðstjóri hefur skýrt svo frá, að ákærði hafi verið áberandi mikið undir áfengisáhrifum, en vitni þetta var kunnugt ákærða fyrir atvik málsins.

Vitnið Ólafur Íshólm Jónsson lögreglumaður var staddur á lögreglustöðinni á Selfossi, þegar komið var með ákærða þangað, og var vitnið vottur að undirskrift varðstjóraskýrslu. Vitnið hefur borið, að ákærði hafi greinilega verið undir áfengisáhrifum, en þó ekki það mikið, að hann væri miður sín, og virtist ákærði fylgjast með því, sem um var rætt, að sögn vitnisins.

Vitnið Haraldur Gunnarsson var farþegi í bifreið ákærða úr Þykkvabæ að Hellu á Rangárvöllum í umrætt skipti. Vitnið hefur talið, að það hafi ekki séð, að ákærði væri undir áhrifum áfengis né að hann bæri þess merki, að hann væri eftir sig eftir áfengisneyzlu. Vitnið neytti áfengis með ákærða kvöldið og nóttina fyrir atvik málsins, en hefur greint frá því, að það hafi ekki neytt áfengis í bifreið ákærða og verið allsgáð í ökuferðinni.

Vitnið Kristjón Pálmarsson var farþegi í umræddri bifreið í greint sinn. Vitnið kveðst hafa verið drukkið og ekki muna eftir gangi mála þá.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar, staðfestum framburðum vitnanna Tómasar Jónssonar, Reynis Þorkelssonar og Ólafs Í. Jónssonar þykir sannað þrátt fyrir neitun ákærða og þrátt fyrir framburð vitnisins Haralds Gunnarssonar, að ákærði hafi sunnudagskvöldið 25. apríl 1965 ekið undir áhrifum áfengis bifreiðinni G 3098 frá Þykkvabæ að Hellu, þar sem ákærði var handtekinn.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislagala nr. 58/1954.

Ákærði hefur sætt refsingum sem hér segir:

1955 17/11 á Keflavíkurlugvelli: Sátt, 150 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

- 1956 10/10 í Árnessýslu: Sátt, 200 kr. sekt fyrir bifreiðalagabrot.
- 1957 2/8 í Árnessýslu: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlaga-
brot.
- 1957 2/11 í Árnessýslu: Sátt, 50 kr. sekt fyrir bifreiðalagabrot.
- 1961 20/11 í Kópavogi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlaga-
brot.
- 1961 30/11 í Kópavogi: Áminning fyrir ökuskirteinisleysi.
- 1962 6/1 í Kópavogi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlaga-
brot.
- 1962 6/3 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.
- 1962 13/3 í Kópavogi: Áminning fyrir umferðarlaga-
brot.
- 1962 22/9 í Árnessýslu: Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1962 22/10 í Árnessýslu: Sátt, 550 kr. sekt fyrir brot á áfengis-
lögum og umferðarlögum.
- 1963 8/5 í Hafnarfirði: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og rúðu-
brot. Greiði skaðabætur kr. 200.00.
- 1964 17/1 í Kópavogi: Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 232. gr.
hegningarlaga.
- 1964 4/5 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 20/8 í Kópavogi: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 21. gr.
áfengislaga.
- 1965 11/3 í Reykjavík: Dómur: 3.000.00 kr. sekt, sviptur öku-
leyfi í 6 mánuði fyrir brot á áfengislögum og um-
ferðarlögum. (Dómsbirting 20. maí 1965).
- 1965 13/8 á Seyðisfirði: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr.
áfengislaga.
- 1966 13/7 í Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot gegn 261.
gr. hegningarlaga.
- 1967 27/12 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 21. gr. áfengis-
laga.
- 1968 19/6 í Reykjavík: Sátt, 1.800.00 kr. sekt fyrir brot á 11.
og 17. gr. umferðarlaga.

Refsidómur frá 11. marz 1965 hefur samkvæmt 71. gr. laga nr.
19/1940 ítrekunarverkanir á brot ákærða, er hér er fjallað um,
og verða honum í samræmi við það ákvörðuð viðurlög.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga.
Þá ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt samkvæmt 81. gr.
umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Að lokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostn-
aðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns,
Kristins Gunnarsson hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Mál þetta var þingfest í sakadómi Reykjavíkur 23. nóvember
1966, en þá hafði þegar verið tekin dómskýrsla af ákærða hinn

13. júlí s. á. og þá jafnframt lagðar fram lögregluskýrslur og niðurstaða alkóhólrannsóknar. Að beiðni skipaðs verjanda ákærða fóru fram framhaldsrannsóknir í málinu í Árnessýslu, fyrir sakadómi Reykjavíkur, í Rangárvallasýslu og að nýju í Árnessýslu. Framhaldsrannsóknir þessar hafa allar tafið mjög framgang málsins.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Andrésson, sæti varðhaldi í 20 daga.

Frá birtingu dóms þessa að telja er ákærði sviptur öku-réttindum ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnar, þar með talin málsvarnar-laun skipaðs verjanda síns, Kristins Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 7.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. apríl 1970.

Nr. 19/1970. **Sigurjón Einarsson**

(Hrafnkell Ásgeirsson hdl.)

gegn

**Fiskiðjunni h/f og Tryggingamiðstöðinni h/f
og gagnsök**

(Jóhannes L. L. Helgason hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa kveðið upp Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, og samdómsmennirnir Kristján Þór Kristjánsson véltæknifræðingur og Friðþór Guðlaugsson vélvirkjameistari.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1970. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda Fiskiðjunni h/f verði dæmt að greiða honum kr. 1.757.716.40